

Umhverfissráðuneytið  
Ingimar Sigurðsson  
150 Skuggasundi  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 06. júlí 2005  
2005070001/42-5  
SB/rsb

## Umsögn um veiðar á stökköndum í Landmannalaugum

Vísað er til tölvupósts Umhverfisstofnunar dags. 5. júlí s.l., ásamt meðfylgjandi bréfi til umhverfissráðuneytisins, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þá fyrirætlun Umhverfisstofnunar að standa fyrir veiðum á stökköndum í Landmannalaugum. Málavextir eru skýrðir í bréfi til umhverfissráðuneytisins; í stuttu máli hafa komið upp tilvik af sundmannakláða hjá ferðamönnum í Landmannalaugum, sem rakin er til snýkjudyra, nasarblóðagða, í sniglum og öndum á heita læknum og lauginni þar. Nasarblóðögðurnar fjölga sér í öndunum og því er einfaldasta aðgerðin til að draga úr smiti að fjarlægja þær með veiðum. Skv. bréfinu er um að ræða eitt eða tvö pör af stökköndum, ásamt u.þ.b. 10 ungum. Veiðar þessar yrðu liður í skipulegri tilraun sem beindist að því að halda öndum frá heita læknum og lauginni næstu árin.

Náttúrufræðistofnun telur engar líkur á að þessar veiðar stefni stökkandarstofninum í hættu. Sundmannakláði er raunverulegt heilbrigðisvandamál sem eðlilegt er að reyna að stemma stigu við og náttúrulaugin í Landmannalaugum hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðafólk og mikil eftirsjá að lokun hennar. Náttúrufræðistofnun leggst því ekki gegn þessum veiðum, en bendir á að mannúðlegri væri að veiða stökkendur á vorin áður en varp hefst eða steypa undan þeim áður en ungar skríða úr eggjum.

Virðingarfyllt

Snorri Baldursson  
aðstoðarforstjóri

Afrit: Umhverfisstofnun